FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/404 **2026/EES/55/16**

frá 24. febrúar 2026

um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370, sem fóðuraukefni fyrir svínategundir, alifugla og skrautfugla (leyfishafi er Victory Enzymes GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370, sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og skrautfugla, framandi fugla og veiðifugla og öll svín og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „meltingarbætandi efni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. nóvember 2022 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370, örugg fyrir öll svín og allar fuglategundir, sem og fyrir neytendur og umhverfið. Matvæla-öryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist vera ekki ertandi fyrir húð eða augu en ætti að teljast húð- og öndunarfæranæmir í báðum samsetningum þess, sem duft og í vökvaformi. Enn fremur komst hún að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti verið áhrifaríkt hjá varphænum við 1 000 U fýtasa/kg heilfóðurs og að hægt sé að yfirfæra þessa niðurstöðu á aðra fugla til eggjaframleiðslu eða undaneldis. Eftir mat á gögnum sem umsækjandinn hefur nýlega lagt fram komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. júní 2025 ([3]) að aukefnið geti verið áhrifaríkt sem dýraræktaraukefni hjá öllum alifuglum til eldis og sem eru aldir til varps/undaneldis og hjá svínategundum til undaneldis við 500 U fýtasa/kg heilfóðurs og hjá öllum svínategundum til eldis og sem eru aldar til undaneldis við 750 U fýtasa/kg heilfóðurs. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370, uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar fyrir svínategundir, alifugla og skrautfugla. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/404, 25.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(12), 7701, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7701.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.* 2025 23, e9556, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9556.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a64	Victory Enzymes GmbH	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370, með virkni að lágmarki: Fast form: 50 000 U (1)/g aukefnis. Vökvaform: 5 000 U/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370 *Greiningaraðferð* (2) Til að magnákvarða virkni fýtasa í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum: — litmæling byggð á ensímefna-hvarfi fýtasa við fýtat – EN ISO 30024.	Alifuglar til varps eða undaneldis	-	1 000 U	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og for-blöndunum.	17.3.2036.
				Alifuglar til eldis og sem eru aldir til varps eða til undaneldis		500 U			
				Skrautfuglar		500 U			
				Gyltur og geltir af svínategundum		500 U			
				Spenagrísir af svínategundum Svínategundir til eldis og sem eru aldar til undaneldis		750 U			

(1) Ein fýtasaeining (U) er það magn ensíms sem leysir 1 µmól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við 37 °C og pH-gildið 5,5.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.